



Skýrsla um innra mat Glerárskóla

2019 - 2020

Matsnefnd Glerárskóla

Eyrún Skúladóttir

Helga Halldórsdóttir

Hólmfríður Guðnadóttir

Lára Gunnarsdóttir

Efnisyfirlit

| | |
|---|----|
| Efnisyfirlit | 2 |
| Inngangur | 4 |
| Um Glerárskóla | 6 |
| Nemendur | 7 |
| Starfsmenn Glerárskóla | 7 |
| Sjálfsmatsaðferð og framkvæmd mats | 9 |
| Aðgerðaráætlun fyrir matsnefnd Glerárskóla 2019-2023..... | 10 |
| Skólapúlsinn | 11 |
| Skólapúlsinn nemendur | 11 |
| Skólapúlsinn starfsmenn..... | 13 |
| Skólapúlsinn foreldrar | 13 |
| Mat á lykilþætti 11 – Viðburðir í skólastarfi | 14 |
| Gæðagreinir 11. 7 – Þemadagar | 14 |
| Umbótaáætlun gg. 11.7 – Þemadagar | 15 |
| Mat á lykilþætti 5 – Kennsla sem leiðir til árangursríks náms | 16 |
| Umbótaáætlun gg. 5.2 - Kennsla sem leiðir til árangursríks náms..... | 16 |
| Gæðagreinar 11.8 og 3.1..... | 18 |
| Ytra mat..... | 18 |
| Líðan nemenda – Olweus og Jákvæður agi..... | 19 |
| Tengsla og/eða líðankannanir – Olweus..... | 19 |
| Jákvæður agi | 20 |
| Umbætur: | 20 |
| Grenndarfræðsla og umhverfismál | 21 |
| Niðurstöður SVÓT greiningar vegna rýmingaræfingar 7. nóvember 2019..... | 22 |
| Matsþættir og matstæki skólaárin 2019 – 2022..... | 23 |
| Áætlun um mat á skólastarfi 2020 – 2021..... | 24 |
| Símenntunaráætlun Glerárskóla 2019 – 2021 (Uppfært vor 2020) | 25 |

| | |
|---|----|
| Umbótaáætlun innra mats Glerárskóla 2020-2021 | 28 |
| Lokaorð | 30 |
| Viðaukar | 31 |
| Viðauki 1 | 31 |
| Viðauki 2 | 32 |
| Viðauki 3 | 33 |
| Viðauki 4 | 34 |
| Viðauki 5 | 35 |

Inngangur

Í lögum um grunnskóla nr. 91/2008, kafla VII. grein 35. um marmkið með mati á skólastarfi, segir:

Markmið mats og eftirlits með gæðum starfs í grunnskólum er að:

- a. veita upplýsingar um skólastarf, árangur þess og þróun til fræðsluyfirvalda, starfsfólks skóla, viðtökuskóla, foreldra og nemenda*
- b. tryggja að starfsemi skóla sé í samræmi við ákvæði laga, reglugerða og aðalnámskrár grunnskóla*
- c. auka gæði náms og skólastarfs og stuðla að umbótum*
- d. tryggja að réttindi nemenda séu virt og að þeir fái þá þjónustu sem þeir eiga rétt á samkvæmt lögum*

Markmið mats og eftirlits með skólastarfi og þar með markmið innra mats, er því að tryggja að starfsemi grunnskóla sé í samræmi við ákvæði laga, reglugerða og aðalnámskrá grunnskóla. Innra mati er ætlað, skv. aðalnámskrá grunnskóla 2011, að auka gæði skólastarfs og stuðla að umbótum, tryggja að réttindi nemenda séu virt og að þeir fái þá þjónustu sem þeir eiga rétt á skv. lögnum. Innra matinu er einnig ætlað að veita aðilum skólasamfélagsins og fræðuyfirvöldum upplýsingar um skólastarfið, árangur þess og umbætur enda segir í 36. grein laga um grunnskóla nr. 91/2008:

Hver grunnskóli metur með kerfisbundnum hætti árangur og gæði skólastarfs á grundvelli 35. gr. með virkri þátttöku starfsmanna, nemenda og foreldra eftir því sem við á. Grunnskóli birtir opinberlega upplýsingar um innra mat sitt, tengsl þess við skólanámskrá og áætlanir um umbætur.

Mikilvægt er að skólastarfinu sé vörðuð leið að þeim markmiðum sem aðalnámskrá og skólanámskrá segja til um. Með innra mati í Glerárskóla er unnið að því að endurskoða og meta skólastarfið jafnt og þétt og gera umbætur í framhaldi af því. Í aðalnámskrá grunnskóla segir til að mynda að markmið mats sé m.a.:

„...að auka gæði skólastarfsins og stuðla að umbótum, tryggja réttindi nemenda séu virt og að þeir fái þá þjónustu sem þeir eiga rétt á samkvæmt lögum.“ (Aðalnámskrá grunnskóla, almennur hluti, Mennta –og menningarmálaráðuneytið, 2011, bls. 29)

Matið þarf því að gefa upplýsingar um hverju þurfi að breyta eða bæta til að skólinn nái þeim markmiðum sem hann hefur sett sér í stefnu skólans. Með innra matinu er leitast við að auðvelda forgangsriðun þeirra verkefna og umbóta sem fyrir liggja og efla þá styrkleika sem fram koma í mati á skólastarfinu.

Í þessari skýrslu er fjallað um innra mat Glerárskóla og lögð fram aðgerðaáætlun fyrir næsta skólaár. Það er hópur um innra mat sem hefur umsjón með matsvinnunni. Í matsnefnd Glerárskóla fyrir skólaárið 2019 – 2020 sitja Eyrún Skúladóttir, skólastjóri, Helga Halldórsdóttir, deildartjóri -

staðgengill, Hólmfríður Guðnadóttir, kennari og Lára Gunnarsdóttir, stuðningsfulltrúi/skólaliði.
Yfirumsjón hafa Helga Halldórsdóttir og Eyrún Skúladóttir.

Í skólanámskrá Glerárskóla almennum hluta er að finna upplýsingar um skólastarfið og nánari útfærslu á kennslutilhögum í bekkjarnámskrám <http://glerarskoli.is/nam-kennsla>. Greint er frá helstu gögnum er skólinn hefur nýtt sér í matinu og meðfylgjandi er áætlun um innra mat skólans.

Skólaárið 2001-2002 fór fram úttekt á sjálfsmatsaðferðum skólans á vegum Menntamálaráðuneytisins. Úttektin leiddi í ljós að sjálfsmat skólans náði til allra helstu þátta skólastarfsins og stóðst þar með þau viðmið sem tilgreind eru í reglugerð um innra mat.

Haustið 2009 fór aftur fram úttekt á sjálfsmatsaðferðum skólans á vegum Menntamálaráðuneytisins. Úttektin leiddi í ljós að í Glerárskóla teljast sjálfsmatsaðferðir fullnægjandi og framkvæmd sjálfsmats fullnægjandi að hluta. Í athugasemdum kom fram að í heildina séð hafi skólinn gert vel en skerpa þurfi á vissum þáttum t.d. vantaði betri tengingu við skólanámskrá og í umbótaáætlun þurfi að koma fram skýrari viðmið um bættan árangur í einstökum þáttum.

Skólinn fékk ráðgjöf við innra mat sitt frá Háskólanum á Akureyri skólaárið 2010 – 2011. Þá var talið að innra mat Glerárskóla væri í góðum farvegi en bent á mikilvægi þess að gera markmið matsins sýnilegri í áætlunum, m.a. bent á að umfjöllun um innra mat vanti í skólanámskrá. Einnig er bent á að gera þurfi grein fyrir viðmiðum um árangur.

Á skólaárinu 2015-2016 tók matsnefnd skólans ákvörðun um að nota skoska sjálfsmatskerfið How Good Is Our School sem ber heitið Gæðagreinar í íslenski þýðingu. Árið 1999 var skoska matskerfið þýtt og staðfært af starfsfólki hjá Skólaskrifstofu Skagfirðinga. Starfsfólk Glerárskóla fékk kynningu á Gæðagreinum í Ársskóla skólaárið 2014 -2015. Matsnefnd ákvað að fara hægt af stað við notkun Gæðagreina og voru 3 lykilþættir teknir fyrir á fyrsta árinu. En þeir eru: gg 3.1. þátttaka starfsfólks í starfi skólans, gg.11.7. þemadagar og gg. 11.8 árshátíð. Jafnframt byggir innra mat skólans á niðurstöðum úr Skólapúlssi, á SVÓT könnunum, starfsmannakönnun Akureyrarbæjar, ánægjukönnun Öryggisráðs og skýrslum stýrihópa, teyma og kennara.

Haustið 2017 fór fram ytra mat á Glerárskóla. Menntamálastofnun hefur umsjón með ytra mati á skólum fyrir hönd mennta- og menningarmálaráðuneytis. Í ytra mati felst að utanaðkomandi aðili leggur mat á starfsemi viðkomandi skóla með hliðsjón af gildandi lögum, reglugerðum og aðalnámskrám. Er það meðal annars gert með því að skoða fyrirbyggjandi gögn um starfsemi skóla, heimsóknir úttektaraðila og viðtöl við nemendur, starfsfólk skóla og foreldra.

Í þessari úttekt kemur innra mat skólans vel út. Þátturinn um að innra mat skólans byggi á traustum og fjölbreyttum upplýsingum kom mjög vel út en bæta þarf þáttinn um lýðræðisleg vinnubrögð og

koma fram í skýrslunni tækifæri til úrbóta m.a. með því að skipa matsteymi þar sem allir hagsmunaaðilar eiga fulltrúa; starfsmenn, nemendur og foreldrar.

Skólaárin 2018 – 2020 hefur Glerárskóli unnið að úrbótum samkvæmt því ytra mati sem skólinn tók þátt í haustið 2017. Áherslan á árinu 2018-2019 var á Gæðagreina þar sem metin var staða jákvæðs aga í skólastarfinu og hvernig til tókst í hátíðarviku 110 ára skólastarfs í Þorpinu. Einnig voru lagðar fyrir SVT greiningar til að kanna námslegt gildi Reykjaferðar 7. bekkjar auk rýmingaræfinga skólans. Þar utan voru nýttar niðurstöður Skólalapsins til að kanna nám og líðan nemenda í skólastarfinu.

Áhersla á skólaárinu 2019-2020 var á Gæðagreina 11.7 Viðburðir í skólastarfi, 5.2 Kennsla sem leiðir til árangursríks náms. Einnig stóð til að leggja fyrir Gæðagreini 11.8 um árhátíð en þar sem árhátíð skólans var ekki haldin vegna Covid 19 var það ekki gert og á það einnig við um Gæðagreini 3.1 Þátttaka starfsfólks í starfi skóla. SVÓT greining var lögð fyrir starfsfólk vegna rýmingaræfingar. Ánægjukönnun starfsmanna var á sínum stað og Skólalapsinn var lagður fyrir nemendur, forráðamenn og starfsfólk. Símenntunaráætlun skólans var lögð fyrir í fjórum hópum og samþykkt í janúar 2020 og niðurstöður úr samræmdum prófum í 4., 7. og 9. bekk voru rýndar á stigum skólans.

Að vori 2020 var síðan unnin skýrsla ársins og umbótaáætlun uppfærð fyrir skólaárið 2020-2021 ásamt aðgerðaáætlun til 2023. Einnig var unnin skýrsla vegna ytra mats árið 2017 í júní 2020.

Um Glerárskóla

Glerárskóli er heildstæður grunnskóli með nemendur í 1. – 10. bekk. Í árgangi eru ýmist einn til þrjú námshópar en allir eru þeir hugsaðir sem ein heild. Í 8. – 10. bekk eru ýmsir námshópar í valgreinum. Nemendur í 1. – 7. bekk hafa sínar heimastofur en í 8. – 10. bekk fer kennslan fram í faggreinastofum en nemendur hafa sína umsjónarstofu þar sem þeir hitta umsjónarkennara sinn reglulega.

Skólinn hefur aðgang að íþróttamannvirkjum í Íþróttamiðstöð Glerárskóla þar sem bæði er íþróttasalur og sundlaug og þangað er innangengt úr húsnæði skólans. Við skólann er starfrækt frístund (síðdegisvistun) fyrir nemendur í 1. – 4. bekk. Akureyrarbær rekur í skólanum félagsmiðstöðina Himnaríki fyrir unglunga.

Mötuneyti er starfrækt í skólanum. Þar geta nemendur og starfsfólk keypt hádegisverð, einnig er boðið upp á ávaxta og mjólkuráskrift.

Skólasýn skólans byggir á og tengist þremur hugtökum, hugur – hönd – heilbrigði.

Vorið 2019 flaggaði skólinn Grænfánanum í sjötta skipti en það verkefni er liður í að efla sjálfbæra þróun og umhverfismennt í anda skólasýnarinnar. Glerárskóli er Olweusarskóli og starfar í anda

kenninga Dan Olweusar að því að bæta líðan og koma í veg fyrir einelti. Verkefnisstjóri Olweusar er Helga Halldórsdóttir deildarstjóri.

Skólinn starfar eftir hugmyndafræði uppeldisstefnunnar Jákvæður agi eða Positive Discipline.

Skólanámskrá, starfsáætlun og námsáætlanir ásamt öðrum upplýsingum um skólastarfið má nálgast á heimasíðu skólans <http://www.glerarskoli.is>.

Skólinn gefur mánaðarlega út fréttabréf með helstu upplýsingum um skólastarfið og það sem framundan er í starfinu. Fréttabréfin eru birt á heimasíðu skólans.

Nemendur

Í maí 2020 eru nemendur í Gleráskóla 361:

1. bekkur 44 nemendur – þrjár bekkjardeildir
2. bekkur 42 nemendur – þrjár bekkjardeildir
3. bekkur 26 nemendur – ein bekkjardeild
4. bekkur 38 nemendur – tvær bekkjardeildir
5. bekkur 33 nemendur – tvær bekkjardeildir
6. bekkur 33 nemendur – tvær bekkjardeildir
7. bekkur 44 nemendur – tvær bekkjardeildir
8. bekkur 33 nemendur – tvær bekkjardeildir
9. bekkur 31 nemendur – tvær bekkjardeildir
10. bekkur 37 nemendur – tvær bekkjardeildir

Starfsmenn Gleráskóla

Skólaárið 2019 - 2020 eru starfandi 68 starfsmenn í Gleráskóla. Nánari upplýsingar um stöðugildi má sjá í starfsáætlun skólans. <http://glerarskoli.is/nam-kennsla/starfsaaetlun-glerarskola/>

Stöðugleiki hefur verið í starfsmannahaldi undanfarin ár. Þó hefur aðeins orðið breyting á þar sem mikið hefur verið um forföll og langtíma veikindi. Allir kennarar skólans utan tveggja hafa kennsluréttindi.

Stjórn skólans skipa skólastjóri og tveir deildarstjórar. Einnig eru stigsstjórar á yngsta stigi, miðstigi og efsta stigi. Starfandi innan skólans eru stýrihópar eða ráð um; grenndar- og útikennslu, innra mat, skólanámskrá, starfsþróun í stærðfræði, umhverfismál, Erasmus+ verkefni, læsi og uppeldisstefnuna Jákvæðan aga. Fastar nefndir/ráð í skólastarfinu eru nemendaverndarráð, öryggisráð, áfallaráð, eineltisráð, jafnréttisráð og skólaráð. Innleiðingarverkefni skólaársins byggðust aðallega á tæknivæðingu/nútímavæðingu skólans, auk þess sem umhverfismál og samræðustærðfræði á yngsta

og miðstigi voru í brennidepli. Stýrihópar hafa veg og vanda af innleiðingunni í samráði við stjórnendur.

Skólaráð starfar við skólann skv. grunnskólalögum. Það er samstarfsvettvangur skólastjóra og skólasamfélagsins um skólahaldið. Skólaráð er skipað tveimur fulltrúum kennara, einum fulltrúa annars starfsfólks, tveimur fulltrúum nemenda, tveimur fulltrúum foreldra, einum fulltrúa hverfisnefndar og skólastjóra sem stýrir starfi ráðsins. Auk þess situr deildarstjóri (sem er staðgengill skólastjóra) fundina sem ritari. Ráðið fundar að jafnaði þrisvar á haustönn, fjórum sinnum á vorönn og oftár ef þurfa þykir.

Vinnufundir kennara eru að jafnaði tvisvar sinnum í mánuði og starfsmannafundir einu sinni í mánuði. Auk þess er reglulega fundað á stigum, teymum og í stýrihópum.

Endur- og símenntun starfsmanna og starfsþróun. Leitast er við að fá fræðslu fyrir starfsfólk sem samræmist endurmenntunaráætlun skólans. <http://glerarskoli.is/nam-kennsla/starfsaaetlun-glerarskola/>. Akureyrarskólarnir hafa samning við Miðstöð skólaþróunar Háskólans á Akureyri sem sér þeim fyrir fjölbreyttri fræðslu og endurmenntun og eru Akureyrarskólarnir sérstaklega hvattir til að nýta sér þá fræðslu. MSHA hefur veg og vanda af eftirfylgni og menntun kennara í kennsluaðferðinni – Byrjendalæsi- en allir kennarar í 1. -3. bekk hafa hlotið menntun í aðferðinni. Kennarar á yngsta stigi eru að taka þátt í starfsþróunarverkefninu Samræðu stærðfræði á vegum MSHA. Kennarar í unglingadeild sóttu námskeið um „Unglingaspjall“ og var því fylgt eftir af MSHA. Haldin hafa verið stutt námskeið í að vinna með öpp og forrit í Ipad, bæði á vegum MSHA og kennara innan skólans. Starfsfólk skólans sækir jafnframt um í endurmenntunarsjóðum stéttarfélaga sinna fyrir einstökum námskeiðum.

Sjálfsmatsaðferð og framkvæmd mats

Skólanámskráin er grundvöllur innra mats skólans. Markmið með matinu er að fylgjast með því hversu vel skólinn nær þeim markmiðum sem þar eru sett fram. Í Glerárskóla er leitast við að vinna að innra mati skólans á sem fjölbreyttastan hátt. Það er gert með því:

- að gera matsáætlun
- að nota mismunandi matstæki og ólíkar matsaðferðir
- að fá sem flesta í skólasamfélaginu til að taka þátt í matsvinnunni
- að vinna að umbótum í skólastarfinu

Glerárskóli byggir sjálfsmat sitt á Gæðagreinum. Sjálfsmatslíkan þetta er skoskt að uppruna og byggir á áralangri þróun. Gæðagreinar 2 sem skólinn vinnur eftir byggir á 9 lykilþáttum auk gæðagreina sem skólinn býr til og byggir á sérstöðu skólans. Þegar skólastarfið er metið með aðferðum gæðagreinanna er auðvelt að átta sig á hvar svaranna við lykilsurningum um skólastarf er að leita. Gæðaramminn gefur skýra mynd af því hvaða matsþætti taka þarf til skoðunar í skólastarfinu þegar á þarf að halda. Annar styrkleiki matskerfisins er sá að auðvelt er að búa til nýja gæðagreina sem snúa að sérstöðu hvers skóla eða breyta viðmiðum um gæði í einstökum gæðagreinum til aðlögunar fyrir markmið skólastarfsins. Á heimasíðu Árskóla eru upplýsingar um Gæðagreina 2. <http://www.arskoli.is/is/moya/page/gaedagreinar-2>

Aðgerðaráætlun fyrir matsnefnd Glerárskóla 2019-2023

Uppfært vor 2020

| Skólaár | 2019-2020 | 2020-2021 | 2021-2022 | 2022-2023 |
|------------|--|--|--|--|
| Haustönn | <ul style="list-style-type: none"> • Kennsluhættir – g.g. 5.2. • Skólapúls nem. í 6. – 10. bekk • Olweusarkönnun • Umbótaáætlun ytra mats • Líðankönnun • Samræmd próf • Rýmingaræfing • Uppbrotsdagar | <ul style="list-style-type: none"> • Stjórnun og notkun búnaðar og umhverfis g.g. 8.3. • Námsreynsla nemenda – g.g. 2.1. • Skólapúls nem. í 6. – 10. bekk • Olweusarkönnun • Umbótaáætlun ytra mats • Líðankönnun • Samræmd próf • Rýmingaræfing • Reykjaferð | <ul style="list-style-type: none"> • Skólapúls nem. í 6. – 10. bekk • Olweusarkönnun • Umbótaáætlun ytra mats • Líðankönnun • Samræmd próf • Rýmingaræfing • Reykjaferð • Nýting mannafla og teymisvinnu – g.g. 7.2. • Þátttaka starfsfólks í starfi skólans – 3.1. | <ul style="list-style-type: none"> • Skólapúls nem. í 6. – 10. bekk • Olweusarkönnun • Umhyggja, velferð og þroski nemenda – g.g. 5.8. • Umbótaáætlun ytra mats • Grenndarfræði- og útikennsla • Líðankönnun • Samræmd próf • Rýmingaræfing • Framfarir í skólastarfi – g.g. 1.1. |
| Vorönn | <ul style="list-style-type: none"> • Skólapúls nem í 6. – 10. bekk í febr. og maí • Árshátíð – g.g. 11.8 • Skýrslur ráða, stýrihópa og kennara • Rýmingaræfing • Þátttaka starfsfólks í starfi – g.g. 3.1. • Reykjaferð | <ul style="list-style-type: none"> • Framfarir í skólastarfi – g.g. 1.1 • Rýmingaræfing • Kennsla sem leiðir til árangurs ríks náms – g.g. 5.2. • Starfsmannakönnun Ak. bæjar • Skýrslur stýrihópa, ráða og kennara | <ul style="list-style-type: none"> • Sýn, gildi og markmið – g.g. 9.1. • Rýmingaræfing • Skýrslur ráða, stýrihópa og kennara • Skólapúls nem í 6. – 10. bekk í febr. og maí • Árshátíð – g.g. 11.8 | <ul style="list-style-type: none"> • Skólapúls nem. í 6. – 10. bekk í febr. og maí. • Starfsmanna-könnun Ak. bæjar. • Jákvæður agi - gg.14.1 • Skýrslur ráða, stýrihópa og kennara • Rýmingaræfing |
| Maí – Júní | Sjálfsmatsskýrsla – Umbótaáætlun | Sjálfsmatsskýrsla – Umbótaáætlun | Sjálfsmatsskýrsla – Umbótaáætlun | |

Aðgerðaráætlun fyrir skólaárið 2019 - 2020 stóðst að nokkru leyti framan af vetri. Metnir voru þema/uppbrotsdagar g.g. 11.7. og g.g. 5.2. var metinn af kennurum. Ekki var unnt að meta, nema að hluta til, það sem lagt var til mats á vorönn vegna aðstæðna í samfélaginu né kynna niðurstöður þeirra þátta sem náðist að meta. Mun það verða gert á starfsmannafundi á haustdögum.

Jafnframt eru lagðar til grundvallar matinu skýrslur og vinna eftirfarandi stýrihópa og fastaráða sem eru:

- Umhverfisnefnd, sjá viðauka 4
- Jákvæður agi <http://glerarskoli.is/jakvaedur-agi/>
- Olweus og eineltisáætlun <http://glerarskoli.is/skolasyn/eineltisaetlun/>
- Öryggisráð, sjá viðauka 2 og viðauka 3

Skólapúlsinn

Skólapúlsinn er vefkerfi sem veitir skólum stöðugan aðgang að nýjum upplýsingum sem aflað er með reglubundnum hætti um þætti sem tengjast virkni nemenda og líðan þeirra í skólanum. Nýjar niðurstöður eru bornar saman við niðurstöður fyrri mælinga í skólanum og við landsmeðaltal. Niðurstöðurnar gefa skýrar vísbendingar um þróun mála og stöðu nemenda í skólanum miðað við nemendur í öðrum skólum í landinu sem taka þátt í Skólapúlsi. Gerð spurningakvarða og forritun vefviðmóts hófst í byrjun árs 2008 og forprófanir fóru fram í apríl og maí það ár. Skólaárið 2008-2009 var Skólapúlsinn tekinn í notkun og nú fá þátttökuskólar reglulega upplýsingar um stöðu nemenda sinna. Grunnskólar víðs vegar á landinu eru skráðir í verkefnið en nemendur í 6.-10. bekk taka þátt. Í þátttökuskólunum eru spurningavagnar lagðir fyrir meirihluta allra grunnskólanemenda í þessum bekkjum.

Skólapúlsinn var lagður fyrir nemendur Glerárskóla í fyrsta skipti á skólaárinu 2011 – 2012. Skólapúlsinn er lagður fyrir nemendur á hverju skólaári en foreldra og starfsfólk annað hvert ár. Þetta skólaár var skólapúlsinn lagður fyrir foreldra og starfsmenn. Niðurstöður úr Skólapúlsi eru nýttar til umbóta í innra starfi skólans. Niðurstöðurnar eru kynntar og ræddar á starfsmannafundi að vori.

Skólapúlsinn nemendur

Nemendakönnunin fer fram í u.þ.b. 40 nemenda úrtökum sem dreift er samhverft yfir skólaárið. Þegar svarhlutfall er lægra en 80% eru niðurstöður ekki birtar og svör nemenda ekki tekin með í landsmeðaltalið.

| | Niðurstaða | Fjöldi svara | Landsmeðaltal | Mismunur |
|-----------------------------------|------------|--------------|---------------|----------|
| Virknir nemenda í skólanum | | | | |
| Ánægja af lestri | 4,2 | 159 | 4,7 | -0,5* |
| Þrautseigja í námi | 4,5 | 161 | 4,8 | -0,3* |
| Áhugi á stærðfræði | 4,9 | 158 | 5,0 | -0,1 |
| Ánægja af náttúrufræði | 4,6 | 157 | 4,8 | -0,2 |
| Trú á eigin vinnubrögðum í námi | 4,4 | 158 | 4,8 | -0,4* |
| Trú á eigin námsgetu | 4,1 | 160 | 4,7 | -0,6* |

Í flokknum *virknir* nemenda standa nemendur Glerárskóla sig marktækt lakar í fjórum af sex þáttum miðað við þátttökuskólana. Þeir þættir eru stjörnumerktir. Þættirnir eru *ánægja af lestri*, *þrautseigja í námi*, *trú á eigin vinnubrögðum í námi* og *trú á eigin námsgetu*. Í síðustu könnun voru tveir

þættir stjórnumerktir þ.e. *trú á eigin námi og ánægja af náttúrufræði*. Aðrir þættir eru aðeins lakari en þar mælist þó ekki marktækur munur þó skólinn mælist alls staðar undir meðaltali.

| | Niðurstaða | Fjöldi svara | Landsmeðaltal | Mismunur |
|------------------------|------------|--------------|---------------|----------|
| Líðan og heilsa | | | | |
| Sjálfsálit | 4,2 | 160 | 4,5 | -0,3* |
| Stjórn á eigin lífi | 4,3 | 159 | 4,6 | -0,3* |
| Velliðan | 4,4 | 159 | 4,6 | -0,2 |
| Einelti | 5,4 | 159 | 5,4 | 0,0 |
| Tíðni eineltis (%) | 15,9 | 25/157 | 12,5 | 3,4% |
| Hreyfing (%) | 49,7% | 77/155 | 45,6% | 4,1% |
| Hollt mataræði | 4,8 | 159 | 4,7 | 0,1 |

Nú mælist skólinn í tveimur flokkum, *sjálfsálit og stjórn á eigin lífi*, í flokknum *líðan og heilsa* marktækt lægri en þáttökuskólarnir. Nemendur Glerárskóla mælast nú í eða við landsmeðaltal í öðrum flokkum. Ánægjulegt er að sjá að skólinn er hærra en landsmeðaltal þegar kemur að hollu mataræði og hreyfingu. *Einelti* hefur undanfarin ár mælist marktækt lægra í Glerárskóla skv. könnunum Skólaláupsins miðað við þáttökuskólana en nú er breyting á og skólinn fylgir landsmeðaltali.

| | Niðurstaða | Fjöldi svara | Landsmeðaltal | Mismunur |
|-------------------------------|------------|--------------|---------------|----------|
| Skóla- og bekkjarandi | | | | |
| Samsömun við nemendahóp | 4,9 | 158 | 5,0 | -0,1 |
| Samband nemenda við kennara | 4,2 | 157 | 4,9 | -0,7* |
| Agi í tímum | 4,4 | 158 | 4,9 | -0,5* |
| Virk þátttaka nemenda í tímum | 4,8 | 157 | 5,1 | -0,3* |
| Mikilvægi heimavinnu í náminu | 4,9 | 157 | 5,0 | -0,1 |

Í flokknum *skóla- og bekkjarandi* mælist marktækur munur í þremur þáttum af fimm á svörum nemenda í Glerárskóla miðað við þáttökuskólana. Nú eru það þættirnir *samband nemenda við kennara og virk þátttaka nemenda í tímum* auk *aga í tímum* sem er marktækt lægri í Glerárskóla en landsmeðaltal. Þessir sömu þættir voru einnig marktækt lægri á síðasta skólaári.

Skólapúlsinn starfsmenn

Aðeins um 40% starfsmanna tóku þátt í skólapúlsinum þetta árið og teljast niðurstöður því ekki marktækar. Mest 25 starfsmenn svöruðu spurningum og fór svarhlutfall niður í það að aðeins einn starfsmaður svaraði viðkomandi spurningu. Þar sem svarhlutfall var lægra en 60% eru niðurstöður ekki birtar.

Skólapúlsinn foreldrar

| Matsþættir | Niðurstaða | Fjöldi svara | Landið | Mismunur |
|---|------------|--------------|--------|----------|
| Nám og kennsla | | | | |
| Ánægja foreldra með nám og kennslu í skólanum | 5,1 | 76 | 5,2 | -0,1 |
| Ánægja foreldra með stjórnun skólans | 87,7% | 57/65 | 92,5% | -4,8% |
| Hæfileg þyngd námsefnis í skólanum að mati foreldra | 78,9% | 60/76 | 85,3% | -6,4%* |
| Hæfilegur agi í skólanum að mati foreldra | 67,1% | 47/70 | 72,6% | -5,5% |

Mat foreldra hvað varðar þyngd á námsefni er marktækt lægri en hjá viðmiðunarskólum. Þá finnst foreldrum vanta upp á aga í skólanum.

| Matsþættir | Niðurstaða | Fjöldi svara | Landið | Mismunur |
|---|------------|--------------|--------|----------|
| Velferð nemenda | | | | |
| Ánægja foreldra með samskipti starfsfólks við nemendur | 4,4 | 78 | 5,0 | -0,6* |
| Ánægja foreldra með hve vel skólinn mætir þörfum nemenda | 91,9% | 68/74 | 88,7% | 3,2% |
| Líðan nemenda í skólanum að mati foreldra | 90,9% | 70/77 | 91,5% | -0,6% |
| Líðan nemenda í kennslustundum að mati foreldra | 89,6% | 69/77 | 90,6% | -1,0% |
| Líðan nemenda í frímínútum að mati foreldra | 89,6% | 69/77 | 90,3% | -0,7% |
| Umfang eineltis í skólanum að mati foreldra | 10,7% | 8/75 | 8,9% | 1,8% |
| Ánægja foreldra með úrvinnslu skólans á eineltismálum | 68,8% | 11/16 | 59,5% | 9,3% |
| Ánægja skólans með hraða úrvinnslu skólans á einsletismálum | 62,5% | 10/16 | 55,2% | 7,3% |
| Ánægja foreldra með eineltisáætlun skólans | 81,6% | 40/49 | 82,3% | -0,7% |
| Meðaltímabil eineltis | 1,4 | 16 | 1,4 | 0,0 |

Ánægja er hjá foreldrum um hve vel skólinn mætir þörfum nemenda og hraða og úrvinnslu skólans á eineltismálum. Foreldrar eru marktækt lægri en viðmiðunarskólar hvað varðar ánægju með samskipti starfsfólks við nemendur. Mat foreldra á líðan nemenda í skólanum er rétt við mörk viðmiðunarskólanna.

| Matsþættir | Niðurstaða | Fjöldi svara | Landið | Mismunur |
|--|------------|--------------|--------|----------|
| Aðstaða og þjónusta | | | | |
| Ánægja foreldra með aðstöðu í skólanum | 5,6 | 76 | 5,5 | 0,1 |

| | | | | |
|---|-------|-------|-------|-------|
| Ánægja foreldra með tómsundþjónustu | 4,8 | 45 | 5,0 | -0,2 |
| Hlutfall nemenda í tómsundþjónustu/ frístundaheimili | 61,3% | 46/75 | 63,5% | -2,2% |
| Ánægja foreldra með máltíðir í mötuneyti | 75,4% | 52/69 | 76,3% | -0,9% |
| Notkun mötuneytis | 94,8% | 73/77 | 91,3% | 3,5% |

Í þessum matsþætti eru foreldrar mjög sáttir við mötuneyti skólans en síður með þá þætti sem tengsát tómsundum og frístundarstarfi.

| Matsþættir | Niðurstaða | Fjöldi svara | Landið | Mismunur |
|---|------------|--------------|--------|----------|
| Foreldrasamstarf | | | | |
| Frumkvæði kennara í foreldrasamstarfi | 4,8% | 80 | 5,0 | -0,2 |
| Áhrif foreldra á ákvarðanir varðandi nemendur | 55,6% | 40/72 | 62,0% | -6,4% |
| Leitað eftir tillögum frá foreldrum og ábendingar teknar til greina | 71,7% | 43/60 | 69,6% | 2,1% |
| Ánægja með síðasta foreldraviðtal | 96,3% | 79/82 | 95,0% | 1,3% |
| Þátttaka foreldra í gerð námsáætlunar með nemandanum | 49,3% | 35/71 | 59,7% | -10,4%* |
| Mikilvægi þess að gera námsáætlun n með nemandanum að mati foreldra | 82,5% | 52/63 | 88,4% | -5,9% |
| Ánægja foreldra með heimasíðu skólans | 91,0% | 71/78 | 81,7% | 9,3%* |
| Foreldrar upplýstir um stefnu skólans og námskrá | 86,7% | 65/75 | 75,6% | 11,1%* |

Foreldrar eru mjög sáttir við heimasíðu skólans og finnst þeir vel upplýstir um stefnu hans og námskrá. Skoðanir foreldrar eru marktækt undir viðmiðunarskólum hvað varðar það að fá að taka þátt í námsáætlunum barna sinna.

| Matsþættir | Niðurstaða | Fjöldi svara | Landið | Mismunur |
|---|------------|--------------|--------|----------|
| Heimastuðningur | | | | |
| Virkni foreldra í námi barna sinna | 4,8 | 79 | 5,0 | -0,2 |
| Vilji nemenda til að leita eftir þátttöku foreldra í náminu | 4,3 | 79 | 4,6 | -0,3 |
| Hæfileg heimavinna að mati foreldra | 81,1% | 60/74 | 76,9% | 4,2% |
| Tími sem foreldrar aðstoða við heimanám | 61,8% | 47/76 | 60,2% | 1,6% |
| Væntingar foreldra um háskólanám | 62,5% | 35/56 | 72,5% | -10,0%* |
| Væntingar foreldra um iðnnám | 23,2% | 13/56 | 15,1% | 8,1%* |

Foreldrar líta svo á að heimavinna nemenda sé hæfileg og þeir gefa sér tíma til að aðstoða börn sín. Væntingar foreldra til háskólanáms eru marktækt minni hér en í viðmiðunarskólum en foreldrar vænta þess að börnin þeirra sækji í iðnnám.

Mat á lykilþætti 11 – Viðburðir í skólastarfi

Gæðagreinir 11. 7 – Þemadagar

Vinnulag:

Gæðagreinirinn var metinn í 5 hópum af öllu starfsfólki skólans á starfsmannafundi 9. október 2019. Yfirlit gæðagreinis, þemu og við mið um gæði má sjá hér (setja link 11.7)

Matsþættir voru metnir frá 1 og upp í 4.

Heildareinkunnagjöf: 3, 4, 3, 4, 3.

Sterku hliðarnar okkar:

- Samvinna. Hugmyndaflug. Skipulag.
- Tveir árgangar unnu saman, auðveldar verkefnavinnu og skipulag.
- Verkefni við hæfi.
- Mikil ró yfir öllum vinnustöðvum
- Verkefnin þóttu skemmtileg
- Gott fyrir verkgreinakennara að vera á sinni vinnustöð og geta þjónað nemendum þaðan.
- Samvinna, gott skipulag og undirbúningur skólar góðum þemadögum.
- Jákvæðnin skein af fólki
- Flott verkefni, allir unnu sem ein heild, fjölbreytni í verkefnum.
- Spurning hvort við erum komin á undan JA sáttmálanum sem var gerður (áðan)
- Hugsa út fyrir kassa.
- Gott aðgengi að myndmennt og textíl

Það sem þarf að bæta:

- Vantar úrræði fyrir einstaklinga sem eiga erfitt með svona daga.
- Hagstæðara að hafa þemadaga á fimmtudegi og föstudegi þannig að nemendur færu í helgarleyfi að þeim loknum.
- Geta orðið of stórir hópar miðað við fjölda starfsfólks
- Gleymdum sérþarfabörnunum okkar skipulega séð
- Of mikið um að vera á yngsta stigi í vali
- Hugsa þarf um efnisöflun fyrr en daginn áður
- Tímasetning helst til snemma að hausti

Við erum sammála um að mikilvægustu þættirnir eru:

Hugur, hönd og heilbrigði. Hafa gaman.

Góður undirbúningur, skipulag og verkefni við hæfi.

Viljum aftur prófa þemadaga þar sem tveir árgangar vinna saman á sama hátt og nú.

Gott skipulag, samvinna og áhugavert þema.

Sveigjanleiki, samvinna, hjálpssemi, gleði

Tillögur um aðgerðir:

-Muna eftir nemendum sem geta ekki tekist á við svona daga

-Í heildina þótti hópnum þetta ganga vel.

-Reyna að minnka hópa og hafa þá frekar fleiri stöðvar

-Úrlausn.....setja upp eina stöð fyrir þá sem höndla ekki hópastarfið en eru að vinna verkefni tengt þemaverkefninu. Losna þá við losið sem kemur þegar skipt er á milli hópa t.d.

-Vegna aðstæðna hefði þurft að seinka þemadögum þar sem fólk hafi ekki nægan tíma til undirbúnings t.d. að undirbúa nemendur með sérþarfir

Umbótaáætlun gg. 11.7 – Þemadagar

Markmið með umbótum: Ná enn betri árangri við vinnu næstu þemadaga. Skipulag þemadaga verði öllum skýrt og sett upp á vegg.

Hvernig vitum við að því er náð: Með því að leggja fyrir gæðagreiini 11.7

| Hvað þarf að gera? | Hver á að gera það? | Hvenær á því að vera lokið? | Hvað þarf til? | Hvernig á að meta árangurinn? |
|--|--|-----------------------------|--|-------------------------------|
| Skipuleggja úrræði fyrir börn með sérþarfir | Stoðþjónusta í samráði við umsjónarkennara | Fyrir þemadaga á vori 2020 | Skipulag og samvinnu. Huga að vinnustöð fyrir slíka nemendur. Umsjónarkennarar geta haft slíka nemendur með sér á einni stöð sem aðstoðarmenn. | gg. 11.7 |
| Huga betur að dagsetningum í vikunni og á dagatali | Stjórnendur og kennarar | Á skóladagatali 2020-2021 | Skipulag | gg. 11.7 |
| Hópastærðir | Umsjónarkennarar á hverju stigi | Fyrir þemadaga á vori 2020 | Fjöldi nemenda og starfsmanna – hlutfall | gg. 11.7 |
| Efniskaup verða að vera með góðum fyrirvara | Umsjónarkennarar og starfsmenn | Fyrir þemadaga á vori 2020 | Betra skipulag hjá þeim sem sjá um stöðvar á þemadögum. Biðja þarf um kaup á efni að lágmarki viku fyrir þemadaga. | gg. 11.7 |

Mat á lykilþætti 5 – Kennsla sem leiðir til árangursríks náms

Umbótaáætlun gg. 5.2 - Kennsla sem leiðir til árangursríks náms

Vinnulag:

Gæðagreinir var metinn í fimm hópum af kennurum skólans á kennarafundi 18. des 2019

Yfirlit gæðagreinis, þemu og viðmið má sjá í viðauka 2.

Heildareinkunn: 3, 4, 5, 4, 5.

Sterki hliðarnar:

- Fagmennska, metnaður, jákvæðni,
- Dugleg að koma til móts við nemendur
- Þróun í upplýsingatækni og góður tölvukostur
- Fjölbreyttir kennsluhættir og nokkuð góð samvinna

- Öflug teymsivinna
- Sveigjanleiki
- Mikill vilji til að takast á við verkefni
- Við gerum okkur grein fyrir styrkleikum okkar og veikleikum og hvar við þurfum að bæta

Veiku hliðarnar:

- Tímaleysi
- Boðleiðir
- Skortir fleiri úrræði fyrir krefjandi nemendur
- Úrræðaleyfi gagnvart nemendum sem rekast illa (hegðunarvandi)
- Vantar aðstoð við tvítyngd börn
- Að komast upp úr hjólförum
- Stuðningsfulltrúar þurfa að vera hæfir í stuðning
- Agavandamál bæði hjá börnum og foreldrum

Við erum sammála um að mikilvægustu þættirnir eru:

- Samræma námsmat
- Stjórnendur gefa út línu í hvaða átt við ætlum í námsmati
- Mikilvægt að nemendur viti hvað stendur bak við A, B o.s.frv.
- Mikilvægt að við séum samtaka með reglur skólans eins og t.d. í símamálum, húfumálum
- Samvinna milli kennara og að efla námsvitund nemenda
- Að mæta þörfum hvers og eins nemanda
- Framfylgja stefnu skólans án aðgreiningar
- Nota fjölbreyttar kennsluaðferðir sem viðhalda áhuga nemenda
- Auka tónlistarkennslu í skólanum

Tillögur um aðgerðir:

- Gefa meiri tíma til að kennarar geti hist og miðlað því sem þeir eru að gera
- Úrræði gagnvart nemendum sem taka stóran hluta af tíma og orku kennara.
- Þurfum að vera skýrari í stefnunni okkar sem heild – vinna meira saman að sömu markmiðum
- Skortir tíma og fjármagn
- Efla sjálfstæð vinnubrögð og nemendur taki ábyrgð á sjálfum sér
- Athugasemdir komu um spurningarnar

| Hvað þarf að gera? | Hver á að gera það? | Hvenær á því að vera lokið? | Hvað þarf til? | Hvernig á að meta árangurinn |
|--|---------------------|-----------------------------|----------------|------------------------------|
| Gefa meiri tíma til fagfunda og miðlunar | Stjórnendur | Haust 2020 | Skipulag | Með g.g. |

| | | | | |
|---|-----------------------------------|---------------------|--------------------------------------|----------|
| Úrræði fyrir krefjandi nemendur | Kennarar Stjórnendur Stoðþjónusta | Skólaárið 2020-2021 | Skipulag - rými Breytta kennsluhætti | Með g.g. |
| Efla samvinnu | Kennarar | Vor 2021 | Vilja og skipulag | Með g.g. |
| Fá nemendur til að taka ábyrgð á eigin námi | Kennarar | Vor 2021 | | Með g.g. |

Hvernig vitum við að því er náð: Með gæðagreini

Gæðagreinar 11.8 og 3.1

Ætlunin var að leggja fyrir Gæðagreina 11.8 og 3.1 á vordögum 2020. Vegna aðstæðna í samfélaginu og aðstæðna í skólanum (miklar framkvæmdir og breytingar í apríl/maí) var það ekki gert.

Ytra mat

Ytra mat á Glerárskóla fór fram á haustönn 2017. Matið var framkvæmt af Hönnu Hjartardóttur og Þóru Björk Jónsdóttur. Matið er hluti af samstarfsverkefni Sambands íslenskra sveitarfélaga og mennta- og menningarmálaráðuneytis en framkvæmdin er á vegum Menntamálastofnunar. Matið er byggt á þeim skyldum ríkis og sveitarfélaga sem koma fram í 37. og 38. grein laga um grunnskóla frá 2008.

Teknir voru fyrir þrjú matsþættir; *stjórnun, nám og kennsla og innra mat.*

Eins og sjá má á efstu línu í töflunni þá má segja í heildina að starfið í Glerárskóla sé þannig að þar er yfir höfuð gott verklag þar sem flestir þættir eru í samræmi við lýsingu á gæðastarfi.

Grænt – Flestir eða allir þættir sterkir. Mjög gott verklag sem samræmist fyllilega lýsingu um gæðastarf.

Ljósgrænt - Fleiri styrkleikar en veikleikar. Gott verklag, flestir þættir í samræmi við lýsingu á gæðastarfi.

Gult – Fleiri veikleikar en styrkleikar. Viðunandi verklag, uppfyllir viðmið um gæðastarf að mörgu leyti, einhverjir mikilvægir þættir sem þarfnast úrbóta.

Rautt – Mikil umbótaþörf í flestum eða öllum þáttum. Óviðunandi verklag, uppfyllir ekki viðmið um gæðastarf í mörgum mikilvægum þáttum.

Nánar um ytra mat Glerárskóla má sjá á heimasíðu skólans: <http://glerarskoli.is/skolasyn/ytra-mat/>

| Stjórnun | | | Nám og kennsla | | | Innra mat | |
|----------------|--------------------------|----------------------------|----------------------|--------------------------|--------------|----------------------|----------------------------------|
| Fagleg forysta | Stefnu-mótun og skipulag | Samskipti heimila og skóla | Nám og náms-aðstæður | Þáttt. og ábyrgð nemenda | Náms-aðlögun | Framkvæmd innra mats | Umbótastarf í kjölfar innra mats |

| | | | | | | | |
|--------------------------------------|---|---|--|---------------------------|----------------------------------|--|------------------|
| Stjórn- andinn sem leiðtogi | Starfs- áætlun og skóla- námskrá | Skólaráð, foreldrafélag | Inntak og árangur | Lýðræðisleg vinnubrögð | Nám við hæfi allra nemenda | Kerfisbundið og samofið daglegu skólastarfi | Opinbert |
| Stjórnun stofnunar | Skóladagur nemenda | Þáttt. for. í skólast. og upplýsinga- miðlun | Skipulag náms og náms- umhverfi | Ábyrgð og þátttaka | Stuðningur við nám | Markmiðs- bundið | Umbóta- miðað |
| Faglegt samstarf | Verklags- reglur og áætlanir | | Kennslu- hættir og gæði kennslu | | | Byggir á traustum og fjölbreyttum upplýsingum | |
| Skóla- þróun | | | Námshættir og námsvitund | | | Samstarfsm. og byggir á lýðræðisl. vinnubr. | |

Líðan nemenda – Olweus og Jákvæður agi

Glerárskóli hefur tekið þátt í áætlun Olweusar gegn einelti allt frá árinu 2002. Verkefnisstjóri er Helga Halldórsdóttir, deildarstjóri. Starfið byggist á því að greina einelti og vinna gegn því. Könnun á einelti er gerð einu sinni á ári og út frá henni skoðað hvort aðgerða er þörf.

Tengsla og/eða líðankannanir – Olweus

Leitast er við að fylgjast reglulega með líðan nemenda í skólanum. Einu sinni á önn fylla allir nemendur skólans út spurningalista (tengslakönnun) þar sem þeir gera grein fyrir líðan sinni í skólanum og félagstengslum. Deildarstjóri fer yfir kannanirnar og tekur afstöðu til hvort og hvernig bregðast skuli við. Stuðst er við Olweusaráætlunina þar sem m.a. er um að ræða bekkjarfundi með ákveðnum bekkjardeildum, hópfunði með nokkrum nemendum og einstaklingsviðtöl. Þá tekur skólahjúkrunarfræðingur einstaklingsviðtöl við alla nemendur í 4. og 9. bekk til að skoða nánar líðan þeirra. Rætt er við foreldra og umsjónarkennara í framhaldi af því og ákveðið hvernig bregðast skuli við vanlíðan. Sumum málum er vísað til nemendaverndarráðs.

| | Stelpur | Strákar | Meðaltal |
|------|---------|---------|----------|
| 2018 | 4,4 | 3,2 | 3,7 |
| 2019 | | | 3,2 |

| | | | |
|--------------|------|-----|-----|
| Jan. | | | |
| 2019 Nóv. | 10,1 | 2,9 | 6,4 |

Einelti mældist 6,4% skv. niðurstöðum í staðlaðri könnun Olweusar í nóv./des. 2019 og hafði þá hækkað um 3,2% frá fyrra ári. Viðmið Glerárskóla er að vera undir 4%. Niðurstöður skólans voru ekki ásættanlegar. Farið var í vinnu með þá hópa sem komu illa út. Í Skólapúlsinum mælist skólinn með 5,4% einelti sem er á landsmeðaltali.

Eineltisáætlun Olweusar byggir á því að allir starfsmenn skólans séu þátttakendur í ferlinu. Farið hefur verið í gegnum það með starfsfólki hvernig unnið er með einstaka tilfelli og hvernig ferlið er ef grunur vaknar um einelti.

Stefnulýsingu skólans, viðbrögð við einelti og fyrirbyggjandi aðgerðir gegn einelti má finna á heimasíðu skólans. <http://glerarskoli.is/skolasyn/eineltisaaetlun/>

Jákvæður agi

Í starfi okkar leggjum við til grundvallar uppeldisstefnu sem nefnist Jákvæður agi (e. Positive Discipline). Stefnan byggir á sjálfsstjórnarkenningum, sem fela það í sér að horft er á orsakir hegðunar fremur en að reyna að breyta hegðuninni með umbun og refsingu eins og lengi hefur tíðkast með ýmsum atferlismótunarkerfum sem hafa verið ráðandi í skólakerfinu um langan tíma. Jákvæður agi gengur út á það að móta skólabrag sem einkennist af umhyggju og byggist á gagnkvæmri virðingu, reisu, vinsemd og festu.

Jákvæður agi kennir félagsfærni og lífsleikni

Jákvæður agi byggir á kennslu, skilningi, hvatningu og samskiptum.

Börn verða ábyrgðarfull ef þau fá tækifæri til að þroska félagsfærni sína í gegnum lífsleikni í andrúmslofti virðingar, góðvildar og festu. Jákvæður agi byggir á því að börn þroski og efli með sér færni í að finna lausnir og setja sér mörk í samvinnu við fullorðna. Nánar um Jákvæðan aga má sjá á heimasíðu skólans. <http://glerarskoli.is/jakvaedur-agi/>

Samkvæmt kennsluskýrslum eru kennarar misvel á vegi staddir með nýtingu verkfæra agastefnunnar um Jákvæðan aga. Nokkrir kennarar svara litlu eða engu um hvernig þeim hafi tekist að nýta verkfæri Jákvæðs aga á skólaárinu. Aðrir eru vel á vegi staddir og hafa nýtt sér verkfærin og leiðsögnina vel.

Umbætur:

Olweus:

- ✓ Efla bekkjarfundi samkvæmt stefnu Jákvæðs aga og Olweusar.
- ✓ Aðgerðaráætlun gegn einelti verði endurskoðuð af stýrihópi um eineltismál.
- ✓ Áætlunin og ferli eineltismála vandlega útskýrð fyrir starfsfólki og kynnt foreldrum á kynningarfundum að hausti.
- ✓ Lögð verði áhersla á að unnið er gegn einelti í Glerárskóla samkvæmt eineltisáætlun Olweusar, samhliða stefnu skólans, Jákvæðum aga.
- ✓ Gæta skal þess að upplýsa um niðurstöður í eineltiskönnunum sem fást í Olweusarkönnun og Skólapúlsi.
- ✓ Olweusarfundir haldnir reglulega þar sem starfsfólk ræðir ýmsa þætti í skólastarfinu í þeim tilgangi að efla það í vinnu gegn einelti.

Jákvæður agi:

- ✓ Áfram verði unnið að innleiðingu agastefnunnar Jákvæðs aga í umsjón stýrihóps.
- ✓ Allir starfsmenn nýti sér aðferðir og tæki agastefnunnar.
- ✓ Nemendur séu virkjaðir til umræðna og ákvarðanatöku á málum sem snúa að umhverfi þeirra og samskiptum í þeim tilgangi að efla lýðræði og ábyrgð. Þetta sé gert á bekkjarfundum og skólapingum þegar við á.
- ✓ Bekkjarfundir með dagskrá séu að minnsta kosti vikulega í hverjum árgangi.
- ✓ Starfsfólk, annað en umsjónarkennarar, fái aðgang að bekkjarfundum samkvæmt ósk eða boði.
- ✓ Allir kennarar nýti bekkjarfundi sem agatæki.
- ✓ Starfsfólk fái fræðslu, ráðgjöf og aðstoð við innleiðingu eftir því sem hverjum og einum hentar. Möguleiki verði á því að fá ráðgjafa á vettvang.
- ✓ Regluleg innlegg frá stýrihópi um Jákvæðan aga á fundum.
- ✓ Gera stefnuna sýnilegri í skólahúsnæðinu.
- ✓ Kennslustund tengd Jákvæðum aga/Lífsleikni verði sett á stundatöflu.
- ✓ Gátlistar um starfið verði lagðir fyrir á vorönn og niðurstöður notaðar til mats og leiðbeiningar.

Grenndarfræðsla og umhverfismál

Í skólanámskrá segir: Glerárskóli er Grænfánaskóli, en Grænfáninn er alþjóðlegt umhverfismerki samtakanna FEE (Foundation for Environmental Education). Með þessu verkefni viljum við í Glerárskóla auka vægi umhverfismenntar í skólanum. Skólinn náði þeim árangri haustið 2008 að flagga Grænfánanum í fyrsta skipti og í febrúar 2019 var flaggað í sjötta skipti. Grænfáninn er

viðurkenning á því að skólinn hafi uppfyllt skilyrði fyrir afhendingu hans” (sjá

<http://www.landvernd.is/graenfaninn/>).

Sjá áætlun Umhverfisnefndar fyrir skólaárið 2019-2020 í viðauka 4.

Niðurstöður SVÓT greiningar vegna rýmingaræfingar 7. nóvember 2019

| Styrkleikar | Hvar má lagfæra? | Úrbætur |
|---|---|--|
| <ul style="list-style-type: none"> ➤ Gekk vel ➤ Gott skipulag ➤ Fljótlegt að rýma skólann ➤ Einfalt og skilvirkt skipulag ➤ Allir hjálpuðust að ➤ Allir upplýstir | <ul style="list-style-type: none"> ➤ Enginn á vakt úti við Skýjaborgir ➤ Sófar í Skýjaborgum fyrir útgöngu ➤ Vantar merkingar um útgöngu í B-álm ➤ Löng leið fyrir 1. bekk ➤ Vegna nýrrar röðunnar úti var ruglingur á röðum og allir þurftu að fara lengri leið í röð. Raðir víxluðust og það þurfti að far í gengum raðir. ➤ Fara þarf yfir með nýju starfsfólki og kynna þeim þeirra hlutverk. ➤ <i>Nemandi fór inn um aðalinngang á meðan á brunæfingu stóð (ATH)</i> ➤ Æfa rýmingu annarsstaðar en úr heimasofu ➤ Athuga aðrar ógnir en eld ➤ Vantar skökkvilið ➤ Breyta uppröðun ➤ Úr list og verk í 5. hópa ➤ Hurðir í B álm haldast ekki opnar (ATH eiga ekki að vera opnar þar sem stofur eru eldvarnarhólf) ➤ Kaupa nýtt gjallarhorn ➤ 1. bekkur verði næst fótboltavelli ➤ Loftmynd af bekkjarniðurröðun úti ➤ Óljóst hvor hópur fari á undan úr gagnstæðum stofum ➤ Hvar á annað starfsfólk að vera ➤ Vantar rýmingarmyndir í margar stofur s.s. námsver í kjallara ➤ Neyðarsími ekki með inneign | <ul style="list-style-type: none"> ➤ Starfsfólk fari einnig í röð svo hægt sé að merkja við það líkt og við nemendur ➤ List og verkgreinahópar fari í eigin raðir ➤ Markviss enduskoðun, góðar upplýsingar um breytingar og vera lausnamiðuð ➤ Forvarnir fyrir alla oftari, jafnvel sýnikennsla ➤ Skilvirkni hjá list og verkgreinakennurum ➤ Hvað á að vakta innganga lengi, austan og sunnan við hús ➤ WC í forstofu utan við brunahólf á B-gangi ➤ Járn á öryggishurðum, hurðir lokast ekki ➤ Upplýsa nýtt fólk ➤ Taka aftur upp sömu raðir ➤ Stjórnendur (skólastjóri) og ritari sjá um að skrá fjarveru starfsmanna á hvítu töflu ➤ Fara alltaf inn í íþróttasal og safnast saman þar |

| | | |
|--|--|--|
| | <ul style="list-style-type: none"> ➤ Skrá þarf veikindi starfsmanna á hvítu töflu ➤ Deildarstjóri spyr hvort allir nemendur í 2. b. séum komnir, svarað var játandi en aðeins eitt grænt spjald sett á loft (hóparnir eru tveir) ➤ Gluggarýming í 3. bekk og kennari einn. Þarf annan við gluggann úti? | |
|--|--|--|

Matsþættir og matstæki skólaárin 2019 – 2022

| Matsþættir | Matstæki | Ábyrgð |
|----------------------------|-------------------------|---------------------|
| 1. Kennsluhættir | 1. Spurningalistar | 1. Skólastjórnendur |
| 2. Námsmat | 2. Gæðagreinar | 2. Starfsmenn |
| 3. Útivistardagur | 3. Rýnihópar | 3. Stýrihópar um: |
| 4. Skólahlaup | 4. Viðtöl við nemendur | ✓ Innra mat |
| 5. Þemadagar/Smiðjudagar | 5. Nemendakannanir | ✓ Olweus |
| 6. Rýmingaræfingar | 6. Umræðuhópar | ✓ Jákvæðan aga |
| 7. Rýmingaráætlun | 7. Foreldrakannanir | ✓ Öryggismál |
| 8. Olweusaráætlun | 8. Starfsmannakannanir | |
| 9. Árshátíð | 9. Öryggisnefndarkönnun | |
| 10. Grænfána verkefnið | 10. Olweusarkönnun | |
| 11. Grenndarkennsla | 11. Mentor- | |
| 12. Starfsmannahandbók | skráningarforrit | |
| 13. Jákvæður agi | 12. Skýrslur- og | |
| 14. Læsi | fundargerðir | |
| 15. Símenntun | 13. Starfsþróunarsamtöl | |
| 16. Aðalnámskrá grunnskóla | 14. Skólapúlsinn | |
| 17. Samræmd próf | 15. Líðankannanir | |
| 18. Starfsandi | | |

Áætlun um mat á skólastarfi 2020 – 2021

| Tími | Aðgerðir | Ábyrgð | Þátttakendur |
|----------------------|--|---|---------------------------------|
| Ágúst – Október | Undirbúningasvinna stýrihópa | Stýrihópur um innra mat | Stýrihópur |
| September | Skýrsla um innra mat kynnt kennurum | Stýrihópur um innra mat | Kennarar |
| September | Umbótahugmyndir úr gæðagreinum dregnar saman og skýrsla sett á heimasíðu | Stýrihópur um innra mat | Stýrihópur og starfsmenn |
| September - október | Samræmd próf í 4. og 7. bekk. Framkvæmd metin með SVT greiningu | Stýrihópur um innra mat og kennarar í 4. og 7. bekk | Stýrihópur og kennarar |
| September - desember | Samræmd próf í 4. og 7. bekk lög fyrir og útkoman skoðuð. Gerð umbótaáætlun í framhaldinu um aðgerðir | Stjórnendur og kennarar í 4. og 7. bekk | Kennarar, stjórnendur |
| Október | G.g. 8.3. Stjórnun og notkun búnaðar og námsumhverfis | Stýrihópur um innra mat | Allir starfsmenn |
| Október | Aðgerðaráætlun endurunnin til þriggja ára | Stýrihópur um innra mat | Stýrihópur |
| Október | Umbótaáætlun sett fram fyrir skólaárið | Stýrihópur um innra mat | Stýrihópur |
| Október | Skólapúlsinn – nemendakönnun | Tengiliður – stýrihópur um innra mat | Nemendur |
| Nóvember | Rýmingaræfing metin með SVÓT greiningu | Öryggisráð | Starfsmenn og rýnihópur nemenda |
| Nóvember | Reykjaferð | Stýrihópur um innra mat | Nemendur og kennarar 7. bekkjar |
| Nóvember- desember | Olweusarkönnun lögð fyrir nemendur. Unnið úr niðurstöðum, þær birtar og kynntar fyrir starfsfólki, nemendum og forráðamönnum | Stýrihópur um einelti | Nemendur |
| Nóvember – desember | Ánægjukönnun starfsmanna | Öryggisráð | Allir starfsmenn |
| Nóvember | Drög að símenntunaráætlun skólans tilbúin. Drögin lögð fyrir stigstjóra og síðan kennara til umsagnar og samþykktar | Stjórnendur | Fjórir rýnihópar starfsmanna |
| Desember | G.g. 2.1. Námsreynsla nemenda. | Stýrihópur um innra mat | Kennarar |
| Janúar | Starfsmannasamtöl hefjast og unnið verður | Stjórnendur | Allir starfsmenn |

| | | | |
|--------------|--|---|---|
| | úr ábendingum sem ekki eru trúnaðarmál með því að taka athugasemdir með í skipulagningu á skólastarfi. | | |
| Febrúar | Skólapúlsinn lagður fyrir, niðurstöður teknar saman og kynntar fyrir starfsmönnum. Einnig settar niðurstöður á heimasíðu. | Tengiliður og stýrihópur um innra mat | Úrtak af nemendahópi. Allir starfsmenn. |
| Mars | G.g. 5.2. Kennsla sem leiðir til árangursríks náms. | Stýrihópur um innra mat | Allir starfsmenn |
| Mars - apríl | Rýmingaræfing metin með SVÓT greiningu. G.g. 1.1. Framfarir í skólastarfi. | Öryggisráð Stýrihópur um innra mat | Allir starfsmenn Kennarar |
| Mars - apríl | Starfsmannakönnun Ak. bæjar | Stýrihópur um innra mat | Allir starfsmenn |
| Apríl - júní | Skýrslur stýrihópa, ráða, kennara. Samantekt og úrvinnsla á niðurstöðum úr gæðagreinum og skólapúlsi. Hugmyndavinna að mati á símenntunaráætlun. Matsskýrsla unnin og kynnt. | Stýrihópur um innra mat | |

Símenntunaráætlun Glerárskóla 2019 – 2021 (Uppfært vor 2020)

Áætlunin er unnin út frá stefnu og sýn Glerárskóla sem speglar Aðalnámskrá grunnskóla og drög að Menntastefnu Akureyrarbæjar.

| Viðfang | Hópur | Markmið | Tími | Ábyrgð/umsjón | Dagsetning |
|---|-------------------------------|--|--|--|--|
| Læsi – nýta betur læsisstefnu Akureyrarbæjar og efla lesskilning. Verkefni þriggja skóla: „Læsi fyrir lífið“ | Kennarar | Efling læsis og lesskilnings í skólanum. Vekja og virkja áhuga nemenda á læsi. | Allt skólaárið. Yngsta stig – byrjendalæsi. Mið og unglíngastig – „Læsi fyrir lífið“ | Skólastjórnendur/ kennarar/leiðtogi í byrjendalæsi Starfsfólk MSHA | 2020 – 2022 |
| Teymisvinna | Kennarar – lærdómssam félagið | Kennarar auki enn meira samvinnu/ teymisvinnu til eflingar á | Allt skólaárið Kennarafundir – verkefni Stigfundir-samvinna | Kennarar/stigstjórar/ stjórnendur | 2019-2021 Kennarafundir og stigsfundir ásamt |

| | | skólastarfi, setji sér markmið og vinni að samskiptum milli árganga, í árgöngum og á milli stiga | | | árgangafundum |
|------------------------------------|----------------------------------|--|---|---|--|
| Viðfang | Hópur | Markmið | Tími | Ábyrgð/umsjón | Dagsetning |
| Jákvæður agi | Allir | Áframhaldandi vinna við agastefnuna Jákvæður agi. Námskeið fyrir alla starfsmenn til að efla nýtingu og skilvirkni Jákvæðs aga í skólastarfi | Allt skólaárið Námskeið fyrir alla starfsmenn okt. 2019 Nýliðanámskeið haust 2019 og haust 2020 Innlegg í janúar 2020 Námsferð vor 2021 | Stýrihópur um jákvæðan aga/umsjónarmaður JA, Inga Huld Pálsdóttir, skólastjórnendur og ferðanefnd v. námsferðar | Námskeiðs fyrir alla okt 2019 Nýliðanámskeið nóv 2019 Innlegg jan 2020 Nýliðanámskeið haust 2020 Námsferð starfsmanna til Parísar vor 2021 |
| Byrjendalæsi | Kennarar á yngsta stigi | Innleiðing og eftirfylgd byrjendalæsis | Allt skólaárið | Skólastjórnendur/leiðtogi í byrjenda-læsi Helga Ingad. / MSHA /kennarar | 2019-2021 |
| Læsi fyrir lífið | Kennarar á mið- og unglingsstigi | Innleiðing og eftirfylgni með Læsi fyrir lífið | Allt skólaárið | Skólastjórnendur/ Kennarar Starfsmenn MSHA | 2020-2022 1x í mánuði + eftirfylgni og verkefni |
| Skyndihjálp | Allir | Starfsmenn verði undirbúnir til að takast á við skyndihjálp í krefjandi aðstæðum skólaumhverfisins | Janúar 2020 Febrúar 2020 | Skólastjórnendur | 27. janúar 2020 starfsmenn 19. febrúar 2020 kennarar Haust 2020 allir |
| Samræðu-stærðfræði | Kennarar á yngsta stigi | Efling stærðfræðikennslu í gegnum samræðu. | Allt skólaárið | Kennarar / skólastjórnendur Leiðtogar í samræðustærðfræði Þorbjörg Otta Jónasdóttir og Íris Hafberg MSHA | Lokið vor 2021 |
| Zankow stærðfræði í 1. bekk | Kennarar í 1. bekk | Efla stærðfræðikennslu og árangur nemenda í yngri stigum skólans Efling stærðfræði í gegnum samræðu, sögur og hugtakakennslu | Allt skólaárið | Kennarar 1. bekkjar / deildarstjóri Starfsmenn MSHA | 2020-2022 |

| Viðfang | Hópur | Markmið | Tími | Ábyrgð/umsjón | Dagsetning |
|---|---|---|--|---|---|
| Þróun kennsluhátta (Sjá Læsi fyrir lífið og Tækni í kennslustofunni) | Kennarar – teymi | Kennsla krefst endalaust nýrra áherslna, fjölbreyttari kennsluhátta og breytinga á námsmati. Kennarar vinna saman í teyjum og sem einstaklingar að eflingu og þróun kennsluhátta og námsmats. Tengist læsisvinnu. | Allt skólaárið Kveikjur frá samkennurum 2019-2021 Utanaðkomandi kveikjur 2020-2021 | Kennarar / skólastjórnendur / aðrir | Miðvikudagar á vori og hausti 2020 |
| Fræðsla fyrir starfsfólk frá Símei | Skólaliðar, stuðningsfulltrúar, ritari og húsvörður | Ýmiskonar námskeið Einhverfa Geðraskanir Málþroskaraskanir | Allt skólaárið 2019 - 2020 | Símei / skólastjórnendur | 21. ág. 2020 22. okt. 2020 |
| Upplýsingatækni s.s. Google og notkun á Ipad til eflingar fjölbreyttari kennsluhátta | Kennarar og starfsmenn | Að kennarar verði enn öflugri í notkun á tækni í kennslu svo nemendur fái tækifæri til að nýta sér og kynnast tækni 21 aldar. Stuðningur við fjölbreyttar kennsluaðferðir. Einnig stutt kynningar í fréttabréfi. | Allt skólaárið Örnámskeið ásamt eftirfylgni | MSHA / kennarar / skólastjórnendur Eymennt Aðrir skólar Ýmsir fyrirlesarar | Bergmann – Haust 2019 MSHA – Haust 2019 UT dagur – Síðuskóli – Haust 2019 Reglulega yfir allt skólaárið Samvinna við MSHA um örnámskeið og eftirfylgni |
| Viðfang | Hópur | Markmið | Tími | Ábyrgð/umsjón | Dagsetning |
| Jafnrétti | Allir starfsmenn | Efling á þekkingu og færni til að auka jafnrétti í skólasamfélaginu | Erasmus+ verkefni Ýmis verkefni með nemendum Kynning frá Jafnréttisstofu. Jafnréttisfræðsla KÍ. | Stjórnendur/ Jafnréttisráð. Stýrihópur Erasmus+ | 2019-2021 |
| Unglingaspjall | Kennarar á unglíngastigi | Unglingaspjall er samræðu- og samskiptaverkefni hjá strákum og stelpum á unglíngastigi. Nemendur og kennarar taka þátt í fjölbreyttum | Allt skólaárið | Kennarar / MSHA Klára upphafsinnleiðing ú ásamt áframhaldandi innleiðingu, stig II, og eftirfylgni | 2019-2021 |

| | | | | | |
|--|--|--|--|--|--|
| | | samræðu- og samskiptaverkefnum og efla þar með m.a. orðaforða, hugtakaskilning og talað mál. | | | |
|--|--|--|--|--|--|

Umbótaáætlun innra mats Glerárskóla 2020-2021

| Umbóta- þáttur | Markmið með umbótum | Aðgerðir til umbóta | Tíma- áætlun | Ábyrgðar aðilar | Endurmat; hvenær, hvernig? | Viðmið um árangur |
|---|---|---|---|---|---|---|
| Skólapúlsinn – Nemendur – Virkni nemenda | Auka áhuga á læsi og trú á eigin námsgetu nemenda | Efla læsiskennslu og virkja nemendur í námi Umræða við nemendur Skýrari námsviðmið | 2020-2022 | Kennarar, stýrihópur um læsi, stjórnedur. Starfsmenn MSHA | Skólapúlsinn 2021 | Sterkari sjálfsmynd nemenda Jákvæðari niðurstöður í Skólapúlinum 2021 |
| Skólapúlsinn – Nemendur – Líðan og heilsa | Að aðstoða nemendur til að ná tökum á eigin lífi og námi | Efla Jákvæðan aga/Lífsleikni í námi Umræða við nemendur | 2020-2021 | Kennarar, Námsráðgjafi | Skólapúlsinn 2021 | Ánægðari nemendur Jákvæðar niðurstöður í Skólapúlsinum 2021 |
| Skólapúlsinn – Nemendur – Skóla-og bekkjarandi | Að efla aga í tímum og samband nemenda og kennara ásamt virkni nemenda í tímum | Efla notkun á agastefnu skólans, jákvæðum aga. Allir starfsmenn nýti jákvæðan aga. Umræðu- og bekkjarfundir að lágmarki einu sinni í viku. Virkja nemendur með margvíslegum námsverkefnum. | 2020-2021 | Kennarar, stýrihópur um JA | Skólapúlsinn 2021 | Betri agastjórnun Nánari tengsl milli nemenda og kennara Virkari nemendur |
| Viðburðir í skólastarfi – Þemadagar – Gæðagreininir 11.7 | Ná enn betri árangri við vinnu næstu þemadaga og að hafa betra skipulag í kringum nemendur með sérþarfir. Huga að dagsetningum/vikudögum og hópastærðum. Efniskaup séu nægilega snemma. | Auka þátt stoðþjónustu í skipulagi í samvinnu við umsjónarkennara. Hafa þemadaga seinni hluta viku. Fara vel yfir hópastærðir miðað við mannafla. Óska eftir innkaupalista með a.m.k. viku fyrirvara. | Við vinnslu skóladag atals og fyrir þemadaga. | Allir | Við lok þemadaga haust 2020 Gæðagreininir 11.7 | Gott skipulag, góð samvinna og sveigjanleiki. |

| | | | | | | |
|---|--|--|--|---|---|--|
| G.g. 5.2. – Kennsla sem leiðir til árangursríks náms | Að kennarar geti hist og miðlað reynslu, að nemendur taki ábyrgð á eigin námi og krefjandi nemendur fái verkefni við hæfi. | Kennarar fái tíma til fagfunda og miðlunar. Úrræði fyrir krefjandi nemendur verði tiltæk. Kenna nemendum að taka ábyrgð á eigin námi. | 2020-2022 | Stjórnendur, kennarar, stoðþjónustan | Gæðagreinir 5.2. Vor 2021 | Sáttir kennarar, ánægðari nemendur |
| Agastefna og samskipti – Jákvæður agi – | Að fylgja betur eftir agastefnu skólans, efla hana innan skólas og gera hana sýnilegri Efla samræðu nemenda Bekkjarfundir minnst einu sinni í viku Regluleg innlegg frá stýrihópi Kennslustund á stundatöflu tengd JA/Lífsleikni | Halda námskeið í JA á haustdögum Gera stefnuna sýnilegri um skólann Virkja allt starfsfólk Allir bekkir vinni að sömu markmiðum Námskeið fyrir foreldra. Námsferð til Parísar vor 2021 | Er alltaf í vinnslu | Stjórnendur, stýrihópur um JA, allir starfsmenn og kennarar auk leiðbeinenda í JA | Vor 2021 Gátlistar | Öflugri eining innan skólans og skólahverfisins um notkun á JA og þar með meiri árangur í agamálum skólans |
| Olweus - eineltismál | Efla aðgerðir gegn einelti | Efla enn frekar umræðuhópa, bekkjarfundi og JA Kynna niðurstöður Nýta eineltisáætlun enn markvissar Passa vel allar skráningar | Er alltaf í vinnslu og skoðað á hverju ári | Eineltisráð, umsjónarnefndar, Stjórnendur, allir starfsmenn | Könnun á hverju ári | Öflugri skóli með sterka stefnu gegn einelti |
| Rýmingaráætlun og æfing | Gera rýmingaráætlun sem allra besta | Æfingar tvisvar á ári SVT greining í bæði skiptin | Alltaf í vinnslu | Öryggisráð | Tvær æfingar á hverju skólaári SVT greiningar eftir æfingar | Góð rýmingaráætlun sem auðvelt er að fara eftir ef hættu steðjar að |
| Símenntun starfsmanna | Efla starfsmenn Glerárskóla samkvæmt stefnu skólans | Áætlun uppfærð á hverju skólaári | Alltaf í vinnslu | Stjórnendur | Símenntunar áætlun unnin á hverju ári í samráði við kennara og starfsfólk | Öflugri skóli |

Lokaorð

Skýrsla um mat á skólastarfi var unnin 2019-2020 og birt á vef skólans í september 2020.

Skýrslan fjallar um innra mat í Glerárskóla, matsáætlun skólans og matsgögn. Skýrslan var unnin að mestu á vordögum 2020 út frá því mati sem gert var á skólaárinu. Skýrslan dregur fram veikleika og styrkleika á ákveðnum þáttum skólastarfsins þar sem nemendur og starfsfólk skólans láta skoðanir sínar í ljós í viðhorfskönnunum, í einstaklingsvinnu og hópvinnu svo dæmi séu tekin. Þetta er fimmta skólaárið sem Glerárskóli nýtir sér gæðagreina til að meta skólastarfið auk þess sem skólapúlsinn, Olweusarkönnun og aðrar kannanir voru notaðar við innra mat skólans. Svörun við einstaka könnunum voru ekki marktækar en þeir þættir sem voru marktækir voru teknir til athugunar í skýrslunni.

Umbótaáætlun var unnin unnin út frá hverjum þætti sem metinn var. Forgangsverkefni voru valin og ákveðið með hvaða hætti þeim skuli fylgt eftir. Leitast hefur verið við að tengja gagnaöflun við sýn skólans og þeim meginmarkmiðum sem fram koma í námskrá skólans, starfsáætlun og öðrum gögnum sem leiða starf Glerárskóla. Ljóst er að innra mat á skólastarfi er mikilvægur þáttur í því að fylgjast með framkvæmd þess og veitir gagnlegar upplýsingar um stöðu mikilvægra þátta skólastarfsins. Til að efla starf Glerárskóla verður innra mat á skólastarfinu aukið og eflt verulega á næstu árum.

Glerárskóli stefnir að því að nýta innra mat á skólastarfinu til þess að auka gæði skólastarfsins og til að efla anda og samhug starfsmanna, aðstoða nemendur til að ná meiri árangri og efla samstarf heimilis og skóla.

Viðaukar

Viðauki 1

Gæðagreinir 5.2

Lykilþáttur 5

Kennsla sem leiðir til árangursríks náms

Dæmi um mikilvæga þætti sem huga þarf að við matið:

Okkar mat:

| | | 1 | 2 | 3 | 4 | 5 | 6 |
|---|--|---|---|---|---|---|---|
| A | Á grundvelli sameiginlegra gilda okkar sköpum við hvetjandi námsumhverfi þar sem notaðar eru fjölbreyttar náms- og kennsluaðferðir. | | | | | | |
| B | Við komum til móts við námsþarfir nemenda og áhuga þeirra og viðhöldum athygli þeirra. | | | | | | |
| C | Við ræktum með nemendum okkar áhugasemi, sköpunarþörf og gagnrýna hugsun. | | | | | | |
| D | Verkefni sem við leggjum fyrir nemendur okkar, bæði í skóla og í heimanámi eru vel skipulögð og krefja nemendur um virka þátttöku þar sem þeir vinna sjálfstætt og í samvinnu við aðra við lausnaleit. | | | | | | |
| E | Við notum upplýsingatækni markvisst í námi og kennslu. | | | | | | |
| F | Við gerum nemendum okkar grein fyrir tilgangi kennslustunda. | | | | | | |
| G | Nemendur eru meðvitaðir um hvað þarf til að taka framförum og ná árangri í námi. | | | | | | |
| H | Útskýringar okkar og leiðbeiningar eru skýrar og byggðar á fyrra námi og reynslu nemenda. | | | | | | |
| I | Við tryggjum að nemendur fái tækifæri til að bera ábyrgð á eigin námi og á félagslegum samskiptum sínum við aðra. | | | | | | |
| J | Nemendur njóta þess að taka þátt náminu og þeir taka framförum sem námsmenn. | | | | | | |
| K | Þeir taka virkan þátt í náminu og hafa vitund um sjálfa sig sem námsmenn. | | | | | | |
| L | Við notum endurgjöf markvisst til að stuðla að framförum í námi. | | | | | | |
| M | Kennsla okkar krefst virkrar þátttöku nemenda og við hvetjum þá til að tjá skoðanir sínar og spyrja spurninga. | | | | | | |
| N | Við notum hvetjandi spurningar og samræðu til að örva áhuga nemenda, hvetja þá til ígrundunar og efla sjálfstraust þeirra. | | | | | | |
| J | Við hvetjum nemendur til að tjá skoðanir sínar, virðum svör þeirra að verðleikum og tökum mið af þeim við skipulagningu skólastarfs. | | | | | | |
| K | Í kennslustundum tökum við skynsamlegar ákvarðanir og bregðumst fljótt við til að tryggja að námsþörfum allra nemenda sé mætt, þeim bjóðist viðeigandi stuðningur og krefjandi viðfangsefni. | | | | | | |
| L | Við gerum okkur grein fyrir styrkleikum og veikleikum í þekkingu og hæfileikum nemenda. | | | | | | |

Viðauki 2

Áætlun Öryggisráðs 2018-2019

| Hvað á að gera: | Hvenær: | Hver ákveður: | Hvenær lokið: |
|--|----------------------------------|---|-------------------------------------|
| Uppfæra myndir um rýmingarleiðir | Júní 2018 | Ómar | Sept. |
| Öryggisráð hittist reglulega | Tvisvar til þrisvar í mánuði | Öryggisráð | |
| Kalla eftir lagfæringum á leiktækjum á skólalóð sem eftirlits- og skoðunarstofa gerði athugasemd við 2015 | Sept. | Öryggisráð Vísað til FAK | Sept./okt |
| Rýna í rýmingaráætlun og athuga hvort einhverju þarf að breyta í samræmi við athugasemdir SVÓT-greiningar. | Haust | Öryggisráð | Ágúst/sept |
| Rýmingaræfing; 3., 6. og 9. bekkir fara út um glugga. Allir inn í íþróttahús og út um glugga. | Haust | Öryggisráð | Sept./okt. |
| SVÓT-greining | Í okt. | Öryggisráð | Okt. 2018 |
| Rýmingaræfing; óundirbúin | Vor | Öryggisráð | Lok apríl 2019 |
| SVÓT-greining | Í maí | Öryggisráð | Lok maí 2019 |
| Ánægjukönnun | Mánaðamót okt./nóv. | Öryggisráð | Kynning á starfsmannafundi í Janúar |
| Rýna í og meta stöðu á úttekt á húsnæði skóla, vinnuumhverfisvísir, skráning á aðgerðaáætlun | Halda áfram vinnu yfir skólaárið | Öryggisráð | Búið að skoða 2019 |
| Eldvarnarbandalag; samstarf um auknar eldvarnir | Vorönn 2018 | Öryggisnefnd | Vinna sem er stöðugt í gangi |
| Eldvarnareftirlit; úttekt á húsnæði | Að hausti | Húsvörður | Að hausti - Lokið |
| Brunaslöngur og slökkvitæki | Nóvember | Húsvörður | Nóvember – Lokið vor 2019 |
| Reglugerð nr. 1009/2015 um aðgerðir gegn einelti, kynferðislegri áreitni, kynbundinni áreitni og ofbeldi á vinnustöðum (sjá vefsíðu Vinnueftirlits) http://www.vinnueftirlit.is/log-reglur-og-stadlar/reglur-og-reglugerdir/ | Hefja vinnu að hausti 2016 | Öryggisráð, jafnréttisráð, eineltisráð. | Vinnu lokið – vor 2019 |

Viðauki 3

Áætlun Öryggisráðs 2019-2020

| <i>Hvað á að gera:</i> | <i>Hvenær skal framkvæma:</i> | <i>Hver ákveður:</i> | <i>Hvenær lokið:</i> |
|--|--|---|---|
| Uppfæra myndir um rýmingarleiðir í B-álmú | Desember 2019 | Húsvörður/UMSA | |
| Öryggisráð hittist reglulega | Tvisvar í mánuði | Öryggisráð | |
| Kalla eftir lagfæringum á leiktækjum á skólalóð sem eftirlits- og skoðunarstofa gerði athugasemd við 2015 | Desember 2019 | Húsvörður <i>Vísad til UMSA</i> | <i>Vísad til UMSA</i> |
| Setja þarf (neyðar)brunastiga fyrir utan stofur D1, D2 og A2 | Haust | Húsvörður <i>Vísad til UMSA</i> | <i>Vísad til UMSA</i> <i>Eldvarnareftirlit telur ekki þörf á þessu - Lokið</i> |
| Rýmingaræfing; 3., 6. og annar 9. bekkurinn fara út um glugga. Stofur B-8, D8/D4, A3 Senda rýmingaráætlun með fréttabréfi 1. nóvember 2019 | Haust – 7. nóvember 2019 | Öryggisráð | 7. nóvember 2019 <i>Farið út um glugga en ekki inn í íþróttahús</i> |
| SVÓT-greining á rýmingaræfingu | Starfsm. fundur 4. desember | Öryggisráð | Nóvember 2019 |
| Ánægjukönnun | Nóvember 2019 | Öryggisráð | Send út 6. desember 2019 |
| Rýmingaræfing; óundirbúin – fara inn í íþróttahús | Á bilinu 14. – 24. apríl 2020 | Öryggisráð | |
| SVÓT-greining | Í maí | Öryggisráð | |
| Eldvarnareftirlit; úttekt á B-álmú | Að vori 2020 | UMSA - Húsvörður | |
| Brunaslöngur og slökkvitæki | Júní 2019 | Húsvörður | Júní 2019 |
| Reglugerð nr. 1009/2015 um <i>aðgerðir gegn einelti, kynferðislegri áreitni, kynbundinni áreitni og ofbeldi á vinnustöðum</i> (sjá vefsíðu Vinnueftirlits) http://www.vinnueftirlit.is/log-reglur-og-stadlar/reglur-og-reglugerdir/ | Vinna þarf ötullega að þessum málum og klára fyrir lok skólaárs 2021 | Öryggisráð, jafnréttisráð, eineltisráð. | Funda með öllum ráðum í janúar 2020 |
| Skoða hvort hægt er að hafa safnsvæði við rýmingu, inni í íþróttahúsi? | Vor 2019 | Öryggisráð | |
| Fjarlægja allar ósamþykktar hillur úr skólarými. | Nóvember 2019 | Húsvörður | Haust 2019 – í des. 2019 |

Skýrsla Öryggisráðs 2019 – 2020:

1. Áætlun mótuð haust 2019
2. 28. október 2019 var skrifa bréf til UMSA og ítrekað að lagfæringa þarf leiktæki á skólalóð.
3. Rýmingaræfing 7. nóvember 2019. Rýmingaráætlun uppfærð eftir SVÓT greiningu eftir æfingu.
4. Fundað var 14. janúar með Öryggis-, Eineltis- og Jafnréttisráð skólans vegna Reglugerðar nr. 1009/2015 um *aðgerðir gegn einelti, kynferðislegri áreitni, kynbundinni áreitni og ofbeldi á vinnustöðum* (sjá vefsíðu Vinnueftirlits) <http://www.vinnueftirlit.is/log-reglur-og-stadlar/reglur-og-reglugerdir/>.
5. Ánægjukönnun starfsmanna útbúin og lögð fyrir. Kynnt starfsfólki 11. mars 2020.
6. Neyðarteymi komið á laggirnar vegna Covid19.
7. Rætt um hættur á skólalóð vegna framkvæmda og ráðstafanir gerðar til að minnka hana sem mest.

Viðauki 4

Áætlun Umhverfisnefndar fyrir skólaárið 2019-2020

- Búa þarf til nýjan umhverfissáttmála með nýrri nefnd. haustið 2019.
- Nýta þarf mun betur Heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna sem snúa að sjálfbærni.
- Fylla skal út matslista.
- Vinna að því að nemendur fái að skammta sér sjálfir á diska í hádegi og að allir vinni í því að það takist.
- Setja slagorð, ljóð og annað tengt umhverfismálum á veggina eða gólf
- Nýta umhverfismálefni í þemavinnu, s.s. loftslagsbreytingar og samgöngur, lýðheilsu og sjálfbærni.
- Passa að það sem á að gera verði sett inn í námsáætlanir hjá öllum árgöngum.
- Nota matsblöðin úr bókinni á grænni grein.
- Koma því í verk að nemendur fái að búa til sín eigin myndbönd, leikþætti eða fræðslu um umhverfismál, t.d. í tengslum við kenningu TSS.
- Taka 1. bekk inn í umhverfisnefnd.
- Kanna hvort hægt er að mála stafi á vegginn yfir flokkunarstöðinni með: Við flokkum hér! Þar sem kennaratyggjó heldur ekki myndunum.

Viðauki 5

Viðburðir í skólastarfi
Þemadagar 1. og 2. okt. 2019
Gæðagreinir 11.7

Lykilþáttur 11

Þátttakendur í mati, nöfn:

Dæmi um mikilvæga þætti sem huga þarf að við matið:

Okkar mat:

| | | 1 | 2 | 3 | 4 |
|---|---|---|---|---|---|
| A | Allt starfsfólk hefur tækifæri á að koma með hugmyndir að efni fyrir þemadaga. | | | | |
| B | Allt starfsfólk er sátt við val á viðfangsefni þemadaga. | | | | |
| C | Viðfangsefni skipt í undirþætti og hópur starfsfólks gerður ábyrgur fyrir hverjum þætti. | | | | |
| D | Starfsfólk hefur jákvætt viðhorf gagnvart viðfangsefninu. | | | | |
| E | Markmið verkefna eru skýr. | | | | |
| F | Starfsfólk er vel undirbúið. | | | | |
| G | Niðurröðun og verkaskipting starfsfólks ákjósanleg. | | | | |
| H | Efnistökin bjóða upp á margs konar úrvinnslu, fyrir hug, hönd og heilbrigði. | | | | |
| I | Verkefni eru fjölbreytt og spennandi. | | | | |
| J | Allt starfsfólk tekur ábyrgð á að þemadagar gangi vel. | | | | |
| K | Nemendur á ólíkum aldri fá tækifæri til að vinna saman. | | | | |
| L | Þemadagar eru hæfilega margir. | | | | |
| M | Gott aðgengi er að tölvubúnaði, skjávörpum og öðrum búnaði sem nýtist við verkefnavinnu/upplýsingaöflun og úrvinnslu. | | | | |
| N | Niðurröðun nemenda í hópa fer eftir viðfangsefnum (t.d. aldurskipting, kynjaskipting og blöndun milli stiga). | | | | |
| O | “Gleðin skín úr hverju andliti”. | | | | |
| P | Afrakstur vinnunnar er sýnilegur og í samræmi við markmið. | | | | |